

Norræn listasýning í Berlín slær aðsóknarmet



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, opnaði um síðustu helgi sýninguna *Berlin North* á samtímalistasafninu *Hamburger Bahnhof* í Berlín. Sýningin er haldin með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar og opnaði ráðherra sýninguna fyrir hönd norrænu menningarmálaráðherranna þar sem Ísland er nú í forsæti ráðsins.

Tæplega tvö þúsund manns voru viðstaddir opnun sýningarinnar, sem er met í sögu safnsins. Um fjórutíu norrænir listamenn taka þátt í Berlin North þar á meðal hópur ungra listamanna.

Sýningarstjóri Berlin North er Dr. Gabriele Knapstein og stendur sýningin fram til 12. apríl nk. Frá Íslandi var boðið til þátttöku þremur aðilum, þau eru Ósk Vilhjálmssdóttir, Egill Sæbjörnsson og Gjörningaklúbburinn/ The Icelandic Love Corporation sem skipaður er Eyrúnu Sigurðardóttur, Jóni Jónsdóttur og Sigrúnu Hrólfssdóttur. Flutti hann gjörning við opnun sýningarinnar.

Gestaþátttakandi í opnunargjörningi hópsins var Ragnar Kjartansson. Agli Sæbjörnssyni var boðið að taka með sér hóp ungra íslenskra listamanna og valdi hann með sér þau Sigurð Guðjónsson, Ásdísi Sif Gunnarsdóttir, Elínu Hansdóttur og Söru Riel.

Úttekt á leikskólunum Lyngholti og Króki

Í samræmi við ákvæði [26. gr. reglugerðar nr. 225/1995](#) um starfsemi leikskóla lét menntamálaráðuneytið á haustönn 2003 gera úttektir á starfsemi leikskólans *Lyngholts* á Reyðarfirði og leikskólans *Króks* í Grindavík. Í [skýrslum](#) úttektaraðila, sem nýlega bárust ráðuneytinu, er fjallað um helstu þætti skólastarfs í leikskólunum tveimur, s.s. skólanámskrá, stjórnunarhætti, uppeldis- og menntastarf, samskipti og aðstöðu og búnað. Gefið er yfirlit um helstu styrkleika og veikleika stofnananna. Almennt gefa úttektarskýrslurnar jákvæða mynd af starfsemi leikskólanna, þó fram komi að sumt megi bæta.

Helstu niðurstöður úttektanna eru eftirfarandi: [Lyngholt](#): Það er álit úttektaraðila að starfið í leikskólunum uppfylli í öllum meginatriðum þau lagalegu viðmið sem stuðst var við í matinu.

Þetta á við um aðstöðu og búnað, stjórnunarhætti og samskipti. Meðal stærstu kosta leikskólans er sú áhersla sem lögð er á vellíðan barnanna og sjálfstæði.

Meginsérstaða skólans er áhersla hans á umhverfið, náttúruna og skapandi útfærslur viðfangsefna. Helstu veikleika skólans má telja skort á fagmenntuðu starfsfólki, stjórnskipulag og ófullnægjandi aðbúnað starfsmanna.

[Krókur](#): Það er mat úttektaraðila að leikskólinn uppfylli í meginatriðum þau lagalegu viðmið sem lögð eru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og búnað, fjölda barna og skiptingu á deildir, stjórnunarhætti og samskipti innan skólans og við aðila utan hans. Mesti styrkur leikskólans felst í stjórnun hans og markvissu uppeldis- og menntastarfi þar sem frjáls leikur er í fyrirrúmi. Helstu veikleika má telja flókið rekstrarform og lágt hlutfall fagmenntaðs starfsfólks.

Menntamálaráðuneytið fól [Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands](#) að gera úttektina.

Fyrir hönd stofnunarinnar voru Þá Bryndís Garðarsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir sem unnu verkið. Hægt er að nálgast skýrslurnar á vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, fundi vísindaráðherra í París

Vísindaráðherrar OECD: Áhyggjur af yfirvofandi skorti á vísinda- og tæknimenntuðu fólki

Í öllum aðildarlöndum [OECD](#) eru vísinda- og tækniþekking talin undirstaða hagvaxtar og félagslegra framfara í þekkingarhagkerfi 21. aldar. Samkeppnishæfni þjóða hvílir á því að eiga vaxandi hluta vísinda- og tæknimenntaðs fólks á vinnumarkaði. Í flestum þessara landa eru þó vaxandi áhyggjur af því að ungt fólk hefur minnkandi áhuga á raunvísinda- og tækninámi og leitar þess í stað að störfum þar sem aðrar kröfur eru gerðar til langskólanáms. Þetta kom fram á ráðherra fundi OECD um vísinda og tæknimál sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, sótti í París í lok janúar sl. Ráðherrafundurinn hvatti til þess að reynt yrði að efla áhuga barna á fyrstu skólastigum á vísindum, en þá er náttúruleg forvitni þeirra mest á umhverfinu og auðveldast að beina athygli þeirra að viðfangsefnum náttúru- og raunvísinda í gegnum forvitni og leik.

Þá var kallað eftir nánari tengslum vísindastofnana og atvinnulífs til að nýta vísinda- og tækniþekkingu sem best til hagsbóta fyrir þjóðfélagið í framtíðinni. Vakin var athygli á mikilvægi líftækni fyrir þróun í átt til sjálfbærs þjóðfélags og fyrir nýsköpun í iðnaði og framfarir á sviði heilbrigðisþjónustu. Samþykkt var að styðja við myndun alþjóðlegs samstarfsnets milli lífveru- og lífsýnasafna (genabanka, erfðalinda) um allan heim í þeim

tilgangi að gera aðgengilegt erfðaeefni úr þeim ásamt upplýsingum um það sem hagnýta má í margvíslegum tilgangi. Þetta verkefni gengur undir nafninu [Global Biological Resource Centre Network](#) (Heimsnet erfðalinda).

Ísland með hærra hlutfall kvenna í vísindum en flest hin OECD löndin

Áhyggjur af skorti á vísinda- og tæknimenntuðu fólki í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar einkenndu fundinn. Á sama tíma og samkeppni fer vaxandi meðal þjóða af völdum heimsvæðingar viðskipta og tækniþekkingar virðist draga úr nýliðun þess hluta mannaflans sem býr yfir nauðsynlegri þekkingu á þessum sviðum. Ein ástæðan er að dregið hefur úr fólksfjölgun í OECD löndum og aldursdreifing verður óhagstæð. Þá er hlutur kvenna í vísinda- og tæknimenntuðum mannafla víða afar rýr. Þetta á þó ekki við um öll OECD ríkin, t.d. Ísland, Finnland, Írland og Portúgal. Finnar hafa lagt mikla rækt við raunvísindanám á öllum skólastigum og gengið á undan öðrum við uppbyggingu vísindalegs framhaldsnáms á háskólastiginu. Hlutur kvenna er einnig mikið ríkjum. Breytingar á aðferðum við nýsköpun í atvinnulífi, þar sem fyrirtæki byggja á skipulegum rannsóknum og þróunarstarfi en leita stöðugt útávið eftir þekkingu í gegnum netsamstarf, bæði til viðskiptavina, keppinauta og til vísinda- og tæknistofnana, kallar á breytta starfshætti stofnana sem vinna fyrir almannaþé. Þetta á bæði við um háskóla og opinberar rannsóknastofnanir. Hlutverk þeirra í rannsóknasamstarfi og menntun og þjálfun vísinda og tæknimenntaðs mannafla fer vaxandi og jafnframt skipta gæði menntunar og þjálfunar í vísindalegum vinnubrögðum æ meira máli fyrir atvinnulífið. Lögð er áhersla á að greiða fyrir hreyfanleika vísindalega menntaðs mannafla og samstarfi milli landa um menntun hans.

